

Nd.

643. Tillaga

til þingsályktunar um skaðabótageiðslu út af hrossakaupum landsstjórnarinnar sunnanlands.

Flutningsmaður: Gunnar Sigurðsson.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á landsstjórnina að láta rannsaka nákvæmlega verðmismun þann, er verið hefir á hrossum norðanlands og sunnan, síðan landseinkasala hófst á hrossum, og að hlutast til um, að Sunnlendingar fái þann mismun, að minsta kosti fyrir síðastliðið ár, hjá þeim hjeruðum, er ábatast hafa á verðmismuninum.

Til vara.

Tillagan orðist svo:

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á landsstjórnina að láta rannsaka

nákvæmlega verðmismun þann, er verið hefir á hrossum norðanlands og sunnan, síðan landseiukasala hófst á hrossum, og að hlutast til um, að Sunnlendingar fái þann mismun, að minsta kosti fyrir síðastliðið ár, úr sameiginlegum sjóði hrossasölnnar, þeim, sem til er og myndast af hrossasölu þessa árs.